

Föstudaginn 15. desember 1967.

Nr. 178/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Þorsteini Óskari Óskarssyni Johnson

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var í rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens framkvæmd rannsókn á blóði ákærða, og fundust í því „reducerandi efni, er samsvara 1.33% af alkóhóli“. Áfengismagn í blóði ákærða hefur því náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þótt tekið sé tillit til annarra „reducerandi“ efna í blóðinu og hugsanlegrar mælingarskekkju. Ekki þykja þó skilyrði vera fyrir hendi að beita þyngri refsingu en fyrir brot gegn 3. mgr. 25. gr. sömu laga, þar sem 4. mgr. er ekki getið í ákæruskjali.

Að öðru leyti varðar brot ákærða við 2. mgr. 25. gr. greindra laga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Vestmannaeyja 27. júlí 1964 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í eitt ár fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaganna og 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna. Þar sem nú er um ítrekað brot að fjalla, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. mgr. 80. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsgrð:

Ákærði, Þorsteinn Óskar Óskarsson Johnson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 25. september 1967.

Ár 1967, mánudaginn 25. september, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolátandi dómur í sakadómsmálinu nr. 608/1967: Ákærvaldið gegn Þorsteini Ó. Johnson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Þorsteini Óskari Óskarssyni Johnson flugnema, Hlíðarvegi 9 (sic) hér í bæ, fyrir ölvun við akstur.

Ákærða er gefið það að sök „að aka aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 447 um götur í Vestmannaeyjum, þar til ákærði nam staðar á Miðbraut og lagði á flóttu undan lögreglumönnum, sem náðu honum brátt.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Vestmannaeyjum hinn 14. nóvember 1944. Hann hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1960 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

1960 7/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 27., 28., 60., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1960 5/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 60. gr. umferðarlaga.

1960 20/10 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir brot á 2. mgr. 257.

gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár frá 10/11 1960 skilorðsbundið samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 2/11 1960.

- 1961 15/11 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 22/11 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 15/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 17. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.
- 1962 28/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 17/7 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 27/7 í Vestmannaeyjum: Dómur: 3.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 10/7 '64 fyrir brot á 25. gr., 2. og 3. mgr. 49. gr., 50. gr., 1. mgr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr., 1. mgr., sbr. 45. gr. áfengislaga.
- 1966 26/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur fyrir rúðubrot eftir reikningi.

Málavextir eru þeir, að kl. 0215 aðfaranótt laugardagsins 22. júlí s.l. var hringt á lögreglustöðina og beðið um lögregluaðstoð að barnaskólanum, því að stúlkur, er þar væru til húsa, hefðu ekki svefnfrið fyrir utanaðkomandi mönnum.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Þeir höfðu tal af mönnum við skólann, sem tjáðu þeim, að ölvaðir menn hefðu verið þarna með grjótkast og hávaða, en væru nýfarnir í rauðum bíl og mundi ökumaður vera ölvaður.

Lögreglumennirnir hófu nú leit að bílnum og sáu brátt rauðan bíl aka vestur Miðstræti, og var hann stöðvaður hjá húsinu Hóli. Maður í ljósum fötum hljóp þá undan stýri bílsins upp á milli húsa þarna í nánd.

Eftir nokkra leit kom í ljós, að hér var um ákærða að ræða. Var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina. Þar var honum tekið blóðsýnishorn. Samkvæmt rannsókn próf. Jóns Steffensens fundust reducerandi efni í blóði ákærða, sem samsvara 1.33% af alkóhóli.

Með ákærða í umrætt skipti í bifreiðinni V 447 voru þeir Axel Ingólfsson, Víðimel 30, og Ólafur Pálsson, Goðheimum 18, báðir í Reykjavík, og Pálmi Lórentsson, Faxastíg 35 hér í bæ.

Ekki hefur reynzt fært að fá vætti Reykvíkinganna í máli þessu, en Pálmi Lórentsson hefur borið, að það hafi ekki leynt sér, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum í þetta skipti við akstur bifreiðarinnar.

Sjálfur viðurkennir ákærði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn þessa nótt.

Með játningu ákærða, eiðfestum framburði Pálma Lórentssonar og niðurstöðu blóðrannsóknar þykir mega telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni V 447 með áfengisáhrifum aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1967. Með tilliti til alkóhólmagns í blóði ákærða telst brot hans varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem hér er um að ræða annað brot ákærða varðandi ölvun við akstur, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Óskar Óskarsson Johnson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
